

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 5. september 2008

## ALLT ER ÞEGAR ÞRENNT ER

Valgerður Guðnadóttir fer með  
hlutverk Maríu í Söngvaseið

### ÓTRÚLEGA ALMENNILEG

Eik Gísladóttir fékk tískuráð  
frá Victoriu Beckham þegar  
hún hitti hana í Lundúnum

### EIGNUÐUST DRAUMALJÓSIÐ

Augnlæknarnir í Sjónlagi  
keyptu ljós Ólafs Elíassonar á  
uppboði á Suk-markaðnum

### NANNA KRISTÍN

Hagaði sér eins og  
alvöru brúður og fór  
snemma heim



## Þú nærð góðum árangri með ULTRATONE

Reykjanesbær s. 421 1441 • Hafnarfjörður 544 5300 • Reykjavík s. 588 1166 • Selfoss s. 482 1616  
Vestmannaeyjar s. 481 1482 • Seyðisfjörður s. 899 9429 • Akureyri s. 461 4970

Vantar Ultratone stofu í þitt bæjarfélag? Hringdu í s.869 7090 eða sendu línu á [ultratone@simnet.is](mailto:ultratone@simnet.is)



# núna

\* útvitt er málið



## KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR ALÞINGISMAÐUR

Ég ætla að hafa pitsukvöld með einkasyninum í kvöld. Laugardagurinn byrjar á fundi hjá Heilaheillum og svo eru það afmæli, útskriftarveisla og kveðjupartí. Á sunnudaginn fær sonur minn að ráða ferðinni en ég geri þó ráð fyrir að við tökum því rólega.



### Gaf eiginkonunni Rolex

Engilbert Runólfsson athafnamaður seldi allar eignir sínar um daginn. Til að fagna því ákvað hann að gera vel við eiginkonu sína, Eddu Sólveigu Úlfarsdóttur. Hann bauð henni og vinkvennahópi hennar til Spánar í til efni af 41 árs afmæli hennar. Í leiðinni færði hann henni dýrustu týpuna af Rolex-úri til að toppa daginn.




### Söng í eigin brúðkaupi

Hrannar Pétursson, upplýsinga- fulltrúi Vodafone, var flottur á því þegar hann gekk að eiga Margréti Arnardóttur á dögnum. Hann stóð upp í brúðkaupsveislunni, sem haldin var í Pikknikk-salnum úti á Granda, og söng fyrir eiginkonu sína. Lagið var ekki af verri endanum, Þú komst við hjartað í mér, úr smíðu Togga, en bæði Páll Óskar og Hjaltalín hafa gert það vinsælt á árinu.

þetta HELST

### Tók Jón Ásgeir á þetta!

Óg meira af brúðkaupum. Stjörnu- ljósmyndarinn Ari Magg var ekki með neina kreppustæla þegar hann gekk í það heilaga á dögnum því veislan var haldin í Hafnarhúsinu rétt eins og brúðkaup Jóns Ásgeirs og Ingibjargar Pálmadóttur. Þeir sem mættu í veisluna segja að hún hafi borið af fyrir góðan mat og fallegar skreytingar.



Eik Gísladóttir eiginkona Heiðars Helgusonar fékk tiskuráðgjöf frá Victoríu Beckham

## FJÁRFESTI Í GALLABUXUM

Eik Gísladóttir, grafískur hönnuður í Manchester, datt í lukkupottinn á dögnum þegar henni var boðið í svokallað „private shopping“ hjá versluninni Harvey Nichols í Manchester. Kryddpían Victoria Beckham var að fagna nýrri gallabuxna- og ilmvatnslínu úr eigin smíðu, DVB collection, í versluninni og valdi 30 manns til að þiggja kampavín og tiskuráð frá henni sjálfri. Eik og Emma Davies vinkona hennar voru svo heppnar að vera boðið en

Victoríu séu öðruvísi en gengur og gerist segir hún svo vera. „Það er mjög flott snið á þessum buxum, þær eru þægilegar og klæðilegar. Stærðirnar eru þó svolítið öðruvísi en ég á að venjast, ég þurfti miklu stærri stærð en ég nota venjulega. Hún sagði okkur reyndar að hún léti alltaf sérsníða á sig gallabuxur því hún er með svo grönn hné,“ segir Eik og jatar að hún hefði viljað spyrja hana um miklu fleira þetta kvöld en ekki hafi gef-

\* Hún sagði okkur reyndar að hún léti alltaf sérsníða á sig gallabuxur því hún er með svo grönn hné.

þær eiga það sameiginlegt að eiga eiginmenn sem hafa atvinnu að því að spila fótbolta. „Þetta er í fyrsta skipti sem ég hitti Victoríu sjálfa en við eigum sameiginlega vini í gegnum fótboltann,“ segir Eik og bætir því við að það hafi komið henni á óvart hvað kryddpían hafi verið almennileg. „Hún valdi á okkur gallabuxur og sólgleraugu og var svo næs og afslöppuð,“ segir Eik. Spurð að því hvort gallabuxur

ist tími til þess. Þær komu þó ekki tómhentar út því Eik fjárfesti í gallabuxum og sólgleraugum en vinkona hennar keypti tvo toppa, gallabuxur og sólgleraugu. Victoria gaf Eik einnig bók sem hún skrifaði sjálf en í henni er fullt af tiskuráðum og góðum hlutum varðandi. „Barnpían mín er búin að lesa bókina og hún segir að hún lumi á alls konar góðum trixum,“ segir Eik.

[martamaria@365.is](mailto:martamaria@365.is)

Skvísugangurinn í hámarki „Hún setti upp þvílíkar pösur og við vissum eiginlega ekki hvernig við áttum að vera,“ segir Eik sem er lengst til vinstri á myndinni.



## Leyndarmál sem féll í gleymsku í aldir

– spennusaga byggð á sögulegum staðreyndum

Óvenjuleg og heillandi saga um ráðgátu sem kannski væri betur komin óleyst ...

„Spenna sem stigmagnast í margslunginni og grípandi bók.“  
Seymour Menton

MÁL OG MENNING  
[www.fortagid.is](http://www.fortagid.is)



Jóhannes Kári Kristinsson, Óskar Jónsson og Ólafur Már Björnsson augnlækjar eru ánægðir með að geta styrkt Jóhönnu Kristjónsdóttur og fengið fallegt ljós í leiðinni.

## Augnlækjar keyptu ljós Ólafs Elíassonar Alsælir með gripinn

Jóhannes Kári Kristinsson einn Jaf eigandum Sjónlags sá að stofan hans yrði að eignast ljós Ólafs Elíassonar þegar hann heimsótti SUK markaðinn í Perlunni. Með eigendur hans samþykktu kaupin einhljóða og fengu þeir ljósið fyrir 2,1 milljón. Hann segir að ljósið muni smellpassa á splunkunýja augnlækjastofu þeirra í turninum í Glæsibæ. „Við vorum að leita

ad ljósi sem myndi sjást greinilega frá götunni og hafa kveikt á því allan sólarhringinn, svona ljós í myrkrinu,“ segir Jóhannes og viðurkennir að þeir séu svolítið geggaðir. „Okkur langaði að hugsa út fyrir rammann og láta gott af okkur leiða í leiðinni. Að eignast þennan góða grip til styrktar verkefni Jóhönnu Kristjónsdóttur er gaman,“ segir hann. [martamaria@365.is](mailto:martamaria@365.is)

\* augnablikid




HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR var smekklega klædd þegar hún tók á móti íslenska handboltalandsliðinu á Arnarhóli. Hvíta beltíð setur punktinn yfir i-ið.

föstudagur

Útgáfufélag 365 prentmiðlar Rittstjóri Marta María Jónasdóttir [martamaria@365.is](mailto:martamaria@365.is)  
Penni Alma Guðmundsdóttir [alma@frettabladid.is](mailto:alma@frettabladid.is) Forsíðumynd Arnþór Birkisson  
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir [sigrurdagny@365.is](mailto:sigrurdagny@365.is) sími 512 5462 Föstudagur Skaftahlíð 24 105 Reykjavík, sími 512 5000





# NIKE ER ÉIG



## NIKE STELPUDAGAR

### Í ÚTILÍF

**4. -7. september**

**20% afsláttur**

af öllum nýjum **Nike**  
**kvenfatnaði.**

Víkukort í Heilsuakademíunni fylgir með öllum Nike kvenfatnaði. Ekki missa af þessu einstaka tækifæri til að kynna þér það nýjasta frá einum vinsælasta íþróttavöruframleiðanda heims og gera í leiðinni kjarakaup.

Kíktu á nýju línuna frá Nike í verslunum Útilífs.

#### DAGSKRÁ Í OG FYRIR FRAMAN VERSLUN ÚTILÍFS Í SMÁRALIND LAUGARDAGINN 6. SEPTEMBER

- 13:00: Breakdance sýning
- 14:00: Pole Fitness kennsla
- 14:00-15:00: Frí fitumæling
- 14:00-16:00: Ráðgjöf um þjálfun og mataræði
- 15:00: Gymstick kynning

Þjálfarar og ráðgjafar úr Heilsuakademíunni gefa þér góð ráð og aðstoða við kaupin.



heilsuacademían



# núna

\* tiskuráð í ferðatösku



**GEÐVEIKIR SKÓR** Þú kemst ekki í gegnum veturinn nema eignast þar af herralegum lakkskóm. Þessir eru frá dönsku hönnuðunum í Designers Remix Collection og fást í versluninni Company's í Kringlunni.



## VÍNARBORG

Vera Knútsdóttir háskólanemi

**MORGUNMATURINN:** Anker-bakarið rétt hjá háskólanum. Þar fékk ég mér Sportskerni sem er rosalega holl og góð samloka og svo Völslauer-vatn með ananasbragði.

**SKYNDIBITINN:** Kebabstandurinn á Schwedenplatz er án efa sá besti.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORDA:** Ég myndi segja Do & Co í Haas Haus, það er á efstu hæð hússins með útsýni yfir Stephansdom, dómkirkjuna í Vín, og útsýni yfir miðbæinn. Það er mjög rómantískt að sitja þar og borða góðan mat með útsýni yfir mannlífið og kirkjuna.

**LÍKAMSRÆKTIN:** Ég labbaði mjög mikið enda bjó ég miðsvæðis í borginni. Í Vín eru líka margir fallegir almenningsgarðar og ég bjó við hliðina á Augarten og fór stundum þangað að hlaupa. Í sumar fór ég líka mikið á Donau Insel sem er lítil eyja í miðri Dóná þar sem voru strandbarir og hægt að synda í ánni.

**UPPÁHALDSVERSLUN:** Humanic-skóbúðirnar. Mín uppáhalds var neðarlega á Mariahilfer Strasse sem er aðalverslunargatan í Vín. Svo var líka alltaf



gaman að fara á Naschmarkt, en það er í raun markaður með mat og hægt að fá allavega austurlenskan mat þar.

**BEST GEYMDA LEYDARMÁLID:** Útibíó í Augarten eftir sólsetur á sumrin. Það vita ekki margir af því og það er nokkuð sem heimamenn kíkja á.

**BEST VIÐ BORGINA:** Mannlífið og menningin. Það er skemmtilegt að fara í Prater-skemmtigarðinn og skella sér í rússibana og allt það sem garðurinn hefur upp á að bjóða.

**HVERNIG ER BEST AÐ EYÐA DEGINUM?** Byrja daginn með góðu bakkelsi, röltu svo um miðbæinn og niður Kärntnerstrasse að Óperunni. Röltu svo hringinn framhjá þinghúsinu og ráðhúsinu að háskólanum og stoppa á Café Landmann (en

það var eftirlætiskaffihúsið hans Freuds) og fá sér Wiener Melange og Mozart Torte. Röltu svo í gegnum Volksgarten og að Hofburg og dást að gömlu keisarahöllinni. Annars er borgin svo fjölbreytt og skemmtileg að það eru óendanlegir möguleikar til að eiga góðan dag í Vínarborg.

**BORGIN mín**

1 Glænýir Nike-skór keyptir í Osló. 2 Samfestingur úr Kolaportinu og YSL-hattur. 3 Stígvélin voru keypt á Spáni eftir að elskulega amma mín prúttaði þau niður um meira en helming. 4 Kjól sem Sandra besta vinkona mín gaf mér. 5 Nýr köflóttur kjóll, keyptur í Osló í búð sem heitir Gina Tricot.



Helga Björnsdóttir laganemi

# Á SAMA SKÓPARIÐ Í NOKKRUM LITUM

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?** „Hann er mjög fjölbreyttur og óhefðbundinn. Ég á það til að finna mér uppáhaldsflík og kaupi þá gjarna í nokkrum litum.“

**Hvaðan sækirðu þér innblástur þegar kemur að fatastílnum?** „Ég skoða mikið af erlendum tiskubloggum og birgi mig upp af tiskublöðum þegar ég bíð á flugvöllum, svo á ég líka margar smart vinkonur sem veita mér innblástur.“

**Hvar verslarðu helst?** „Aðallega í útlöndum, en á það þó til að finna mér ýmislegt í Zöru eða Top Shop hér heima. Svo finnst mér fátt skemmtilegra en að þræða góða markaði, helst Portobello eða Camden.“

**Áttu þér einhvern uppáhaldshönnuð?** „Þegar ég verð stór ætla ég aðallega að klæðast fötum úr Spaksmannsspjörum. Í framtíðinni á ég eflaust eftir að verða mikill aðdáandi Evu Maríu, vinkonu minnar, sem var að útskrifast úr fatahönnun. Af erlendum hönnuðum þá vel ég Alexander Wang.“

**Bestu kaupin?** „Um síðustu helgi festi ég meðal annars kaup á yndislega fallegum svörtum samfestingi í Kolaportinu sem ég get ekki beðið eftir að klæðast.“

**Verstu kaupin?** „Ég á það til að nenna ekki að máta í búðum og þá villist stundum eitthvað misfallegt ofan í pokana.“

**Fyrir hverju ertu veikust?** „Ég er veik fyrir skóm.“

**Uppáhaldsbúðin?** „Ég bjó í Glasgow ekki alls fyrir löngu og þekki borgina vel. Ein uppáhaldsbúðin mín þar heitir Starry Starry Night og svo tók ég reglulega lestina yfir til Edinborgar og

heimsótti Armstrong, sem er ein besta „second hand“-búð sem ég hef komist í kynni við.“

**Nauðsynlegt í fataskápinn?** „Nóg af svörtum sokkabuxum, mikið af stuttermabolum í yfirstærð, töff leðurjakki sem svíkur þig aldrei og einn góður hattur.“

**Hvað dreymir þig um að eignast núna?** „Loðfeld, grásprenndan „tweed blazer“, stóran trefil fyrir veturinn og nýjan pels sem fer minna úr hárum en sá sem ég á fyrir.“

**Hvernig er heimadressið þitt?** „Stór bolur og unaðslegar buxur sem ég keypti á Indlandi.“



YVES SAINT LAURENT

**LANGAR ÞIG Í NÝJAN VARALIT SEM ÞEKUR VEL, ER SILKIMJÚKUR OG ENDIST LENGI?**

ÞESSA KOSTI UPPFYLLIR NÝI YSL VARALITURINN.

**18 LITIR** OG GLÆSILEGAR PAKKNINGAR.

Í DAG, Á MORGUN OG MÁNUDAG KYNNUM VIÐ ÞESSA FRÁBÆRU VÖRU ÁSAMT ÖÐRUM NÝJUNGUM FRÁ YSL.

**10% KYNNINGARAFSLÁTTUR**

SIGURBOGINN

NEW - ROUGE VOLUPTÉ Cult colours

Laugavegi 80 • sími 561 1330 www.sigurboginn.is



Dell™ mælir með Windows Vista® Home Premium

# Hæsta einkunn

Margmiðlunarundur frá Dell fyrir námsmenn á öllum aldri



Úrval af mynstrum og litum



Media Direct™



Innbyggt geisladrif



Wi-Fi Catcher™



HDMI tengi



ExpressCard™ tengi



8-i-1 minniskorta lesari



Möguleiki á 2 MP vefmyndavél

## Ný Inspiron™ 1525

Nýjasti Intel örgjörvinn tryggir örugga þráðlausa tengingu og frábæra spilun á margmiðlunarefni

### INSPIRON™ 1525 insp1525#6

- Intel® Celeron® örgjörvi 550 (2,0GHz, 533MHz, 1MB L2 Cache)
- Windows Vista® Home Basic
- 15,4" Widescreen TrueLife skjár (1280x800)
- 1,5GB minni
- 80GB harður diskur, 5400rpm
- 3 ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

**89.900 kr.**

3.675 kr. á mánuði (miðað við 36 mánuði)

### INSPIRON™ 1525 insp1525#7

- Intel® Pentium® Dual-Core örgjörvi T2390 (1,86GHz, 533MHz, 1MB L2 Cache)
- Windows Vista® Home Basic
- 15,4" Widescreen TrueLife skjár (1280x800)
- 2GB minni
- 120GB harður diskur, 5400rpm
- 3 ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

**109.900 kr.**

4.437 kr. á mánuði (miðað við 36 mánuði)

### INSPIRON™ 1525 insp1525#8

- Intel® Core™2 Duo örgjörvi T8100 (2,1GHz, 800MHz, 3MB L2 Cache)
- Windows Vista® Home Premium
- 15,4" Widescreen TrueLife skjár (1440x900)
- 2GB minni
- 160GB harður diskur, 5400rpm
- 2,0MP vefmyndavél
- 3 ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

**139.900 kr.**

5.580 kr. á mánuði (miðað við 36 mánuði)

\* FYRIRVARAR:

Verð er tilbodsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. © 2008 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Precision are registered trademarks or trademarks of Dell Inc..



YOURS IS HERE



www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // Penninn Eymundsson / Sólvalldagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindalþjónusta Suðurlands / Eyrauvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrúkur / 455 4500 // Tengill / Aðalgötu 24, Sauðárkrúkur / 453 5519 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martólvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300



# LEIKUR MARÍU Í ÞRIÐJA SINN

Talan þrír eltir söngkonuna **Valgerði Guðnadóttur** á röndum. Hún er að fara að leika Maríu í þriðja sinn og svo var hún að eignast þriðja barnið.

Viðtal: Alma Guðmundsdóttir  
Ljósmyndir: Arnþór Birkisson

**M**eð svo mikinn fjölda verkefna að baki ber fyrst að spyrja hvort þú hafir verið algjör söngfugl frá unga aldri? „Já, ég var það. Ég var eins og hálfars þegar ég var í strætó með mömmu, söng hástöfum og kunni bæði texta og laglínur. Mér er líka alltaf minnisstætt þegar ég var sex ára í Langholtsskóla og fékk að leika Rauðhettu. Ég lagði mig alla fram í leik og söng og innlifunin var slík að ég stökk í fangið á mömmunni þegar hún kom úr maganum á úlfnum og gleðitárin spýttust í allar áttir. Stundum gat ég verið svolítið feimin að syngja fyrir fólk sem ég þekkti vel, en ánægjan af söngnum varð samt alltaf feimninni yfirsterkari,“ segir Valgerður, sem er yngst sex systkina og segir fjölskylduna ætíð hafa verið mjög söngelska.

„Tónlistin var fyrst og fremst mömmumegin og hún spilaði á píanó og söng gjarnan í veislum. Hún hafði mjög fallega rödd og söng mikið dags daglega. Ég er viss um að mamma hefði getað náð langt sem óperusöngkona hefði hún fengið tækifæri til að læra söng. Hún hvatti mig þess vegna óspart til að þjálfa röddina og „gera eitthvað með þessa guðs gjöf“ eins og hún orðaði það,“ segir Valgerður.

## NÁIN FJÖLSKYLDA

Með námi sínu í Verslunarskóla Íslands lagði Valgerður stund á söng í Söngskólanum í Reykjavík. Hún lauk áttunda stigi þaðan með hæstu einkunn og eftir að hafa þreytt inntökupróf hóf hún eins árs framhaldsnám í söng við Guildhall School of Music and Drama í London og útskrifaðist þaðan vorið 2000, en þá varð hún ófrísk að sínu fyrsta barni með fyrrverandi sambýlismanni sínum, Þorsteini Frey Bender viðskiptafræðingi.



„Ég hafði hugsað mér að reyna jafnvel fyrir mér í söngnum úti, en þegar Bergdís var fimm mánaða var móðir mín komin á Hrafnistu og faðir minn orðinn töluvert veikur svo við fluttum heim. Mig langaði til að vera nálægt þeim, því ég vissi ekki hvað þau ættu langt eftir,“ segir Valgerður. Báðir foreldrar hennar eru látnir, en faðir hennar Guðni

Baldur Ingimundarson lést eftir veikindi árið 2003 og Kristín Sigmundsdóttir, móðir hennar, lést í fyrra eftir áralanga baráttu við Alzheimer.

„Mamma byrjaði að veikjast í kringum sextugt, þegar ég var unglingur, og hún var 75 ára þegar hún lést, en þá var hún löngu hætt að þekkja okkur og þurfti mikla aðstoð. Það var hræðilegt

að sjá mömmu sína svona og horfa upp á hana hverfa á einhvern stað sem var okkur ókunnur og þar sem við gátum ekki náð til hennar. Auðvitað vissi ég að hún myndi deyja, en það var samt áfall að missa hana og þau bæði,“ bætir hún við og segir fjölskylduna vera mjög samheldna. „Okkur finnst gaman að hittast og þar sem ekki verður þverfótað fyrir

börnum og barnabörnum í þessari frjósömu fjölskyldu verður sunnudagskaffi hjá Ástu systur oft eins og lítið ættarmót,“ segir Valgerður og brosir.

## KÆRASTINN ÁTTA ÁRUM YNGRI

Valgerður er nú orðin þriggja barna móðir, en auk Bergdísar Júlíönu sem er sjö ára á hún Ástríði Emblu tveggja ára og Sóleyju Aðalbjörgu þriggja mánaða, með núverandi sambýlismanni sínum, Rögnvaldi Þórssyni, sagnfræði- og heimspekinema.

„Við Rögnvaldur kynntumst í þrítugsafmæli Tuma bróður hans, sem ég hafði unnið með í Sumaróperunni. Röggi er átta árum yngri en ég og mér fannst aldursmunurinn mjög mikill til að byrja með, en hann var ekki nema nítján ára og enn í MH þegar við kynntumst, en ég 27. Þegar ég var á leið á fyrsta stefnumótið laug ég að Kristínu systur minni að hann væri í háskólanum því ég skammaðist mín svo fyrir aldursmuninn,“ segir Valgerður og hlær. „Röggi var á þessum tíma miklu fullorðinslegri en jafnaldrar hans, að mér fannst, þótt vissulega hafi eitthvað dregið saman með þeim síðan. Vinkonurnar gerðu mikið grín að þessu, en fannst ég ægileg gella að hafa náð í svona ungan hönk,“ segir Valgerður.

En hefur ekki verið erfitt að syngja og vera á sviði á meðan þú varst ófrísk?

„Ég hef alltaf verið mjög heilsuhraust á meðgöngu og var til dæmis kasólétt þegar ég lék í Hafinu bláa í Austurbæ. Þar lék ég appelsínugula fiskamömmu sem mátti vera feit og fonguleg svo það passaði ágætlega við það hlutverk,“ útskýrir Valgerður. „Einni og hálfri viku áður en Sóley fæddist hringdi Magnús Geir borgarleikhússtjóri í mig vegna áheyrnarprufu fyrir Söngvaseið. Ég var alveg ákveðin í því að ég væri rétta manneskjan í hlutverkið svo ég dreif mig í prufuna og vonaðist bara til þess að þeir myndu líta framhá stæðinni og einbeita sér að söngnum og leiknum. Það gekk svona ljómandi vel og þeir virðast ekki hafa látið það á sig fá hvernig ég var í laginu,“ segir Valgerður, sem hreppti aðalhlutverkið og mun því leika Maríu í Söngvaseið í byrjun næsta árs.

Langur Laugardagur, opið 11-16

**Práinn Skóari**  
Skóbúð • Grettisgata 3

\* bak við tjöldin



Stjórnumerki:  
Meyja

Uppáhaldsmaturinn:  
Humar, andabringa, gúllaspottreiturinn hennar Öllu tengdó, það er svo margt gott.

Uppáhaldsdrykkurinn:  
Sóðavatn og iskaldur pilsner.

Besti tími dagsins:  
Morgnarnir og sérstaklega þegar ég hef tíma til að fá mér gott kaffi og morgunmat í rólegheitum.

Skemmtilegast:  
Að ferðast og vera innan um skemmtilegt fólk.

Leiðinlegast:  
Öll heimilisverkin, en ég er alltaf að taka til því ég þoli ekki drasl.

Draumafri:  
Á afskektri eyju í Kyrrahafinu

með allri fjölskyldunni þar sem er ekki mikið af túristum, í ótrúlega gírnilegu húsi við strönd með hvítum sandi og blágrænum sjó.





**CATHERINE SADOLIN****Hera Björk Þórhallsdóttir söngkona**

„Það sem hefur haft mest áhrif á mig er Catherine Sadolin. Ég kynntist henni og Complete vocal-tækninni hennar fyrst árið 2004 þegar ég fór á master class-námskeið í FIH. Ég var nú ekkert sérstaklega bjartsýn því ég hef farið á mörg svona söngnámskeið sem mér hafa fundist hundleiðinleg og ekki getað tengt neitt við þau, en Kristjana Stefánsdóttir söngkona dró mig á þetta. Ég sat bara þarna og var mjög þungbrýnd, búin að ákveða að ég ætlaði að fara í

hádegishléinu ef þetta yrði eitt-hvað leiðinlegt, en svo byrjaði hún að tala og ég var sammála öllu sem hún sagði og fékk svör við ótrúlega mörgum spurningum á fyrsta klukkutímanum.

Þegar dagurinn var búinn henti ég mér í fangið á henni og spurði hvort það væru ekki til bækur um efnið og hvar maður gæti lært tæknina. Hún sagði mér þá frá eins árs námi í Danmörku sem ég fór í ásamt Kristjönu Stefánsdóttur og Björk Jónsdóttur. Það var aðeins upphafið fyrir mig því svo bætti ég

við mig námi í kennararéttindum sem ég var að ljúka í júní síðastliðnum. Kynnin við Catherine Sadolin og tæknina hennar hafa haft gífurleg áhrif á mig því ég hef verið að vinna við þetta, kenna og stúdera síðastliðin fjögur ár og það er búið að bæta mig sem söngkonu og karakter og algjörlega umturna mínu lífi,“ segir Hera Björk Þórhallsdóttir söngkona.

**ÁHRIFA-  
valdurinn****KEMUR SÉR Í GOTT FORM**

31 árs gömul hefur Valgerður leikið í fjölda uppsetninga í Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu, Íslensku óperunni og víðar. Meðal hlutverka Valgerðar eru Janet í Rocky Horror, Pamina í Töfraflautunni og Barbarina í Brúðkaupi Fígarós. Auk þess hefur hún sungið með Frostrósum og ljáð teiknimyndastjörnum á borð við Pocahontas, Mulan og Litlu hafmeyjuna rödd sína í íslenskum þýðingum.

Í janúar hefjast stífar æfingar fyrir Sound of Music, eða Söngvaseið, sem verður frumsýndur á stóra sviði Borgarleikhússins í mars á næsta ári. Söngvaseiður er einn þekktasti söngleikur allra tíma og hefur nú þegar verið settur upp í tvígang í atvinnuleikhúsi á Íslandi. Hann segir frá Maríu sem er fengin til að gæta sjö hávaðasamra barna ekkjumannsins Von Trapps í byrjun seinni heimsstyrjaldarinnar, en María vinnur fljótt hug og hjörta barnanna með ást sinni, hlýju og undurfögurum söng.

„Þetta er ofsalega fjörugt stykki og María hoppar og skoppar út um víðan völl, þannig að mér fannst gott að fá þennan rúma tíma frá fæðingu Sóleyjar í maí fram að sýningum til að koma mér í form. Það þýðir lítið að vera móður og mäsandi á meðan maður er syngjandi og dansandi á sviðinu. Ég ætla því að byrja í stífu prógrammi fljótlega til að byggja upp gott þol og hlaða mikið til. Vanalega kaupi ég mér líkamsræktarkort og mæti þrisvar, en núna dugir ekkert hálfkák,“ segir Valgerður og brosir.

Það er óhætt að búast við að Söngvaseiður muni ganga vel og margar sýningar verði, en hvað dreymir þig um að gera að því loknu?

„Mig langar að klára BA-nám í frönsku en ég bjó í tíu mánuði í Suður-Frakklandi árið 2004 ásamt Röggga og tveimur systurum mínum þar sem við lærðum frönsku fyrir útlendinga í háskóla og drukkum í okkur menninguna,“ útskýrir Valgerður. „Svo ætla ég að halda áfram að takast á við krefjandi og skemmtileg verkefni á sviði söng- og leiklistar, gefa út þessa blessuðu plötu sem mig hefur lengi dreymt um að gera og helst fleiri í framhaldi af henni,“ segir Valgerður að lokum.

Diskurinn í spilaranum:  
Ring of Fire – The Legend of Johnny Cash.

Mesta freistingin:  
Að eyða heilum degi í algjört dekur með nuddi, andlitsbaði og fleiri dásemdum.

Hverju myndirðu sleppa ef þú þyrftir að spara:  
DVD-myndum sem ég leigi og gleymi svo að skila á réttum tíma.



the **PIER** **hausttilboð**

**30%** afsláttur af öllum húsgögnum um helgina!

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudaga til föstudaga 11:00 til 19:00 / laugardaga 10:00 til 18:00 / sunnudaga 12:00 til 18:00



# Útlit

\* skiptu um ham



**FLOTT AUGNSKUGGAPALLETTA** Helena Rubinstein hefur nú sent frá sér fjórar mismunandi gerðir af nýrri augnskuggapallettu. Hver palletta inniheldur fjóra liti, en í litunum eru sérstök púðurkorn sem auðvelda förðun og skyggingu svo hver kona getur farðað sig líkt og förðunarfræðingur. Nú er engin afsökun fyrir því að vera ekki með flottan augnskugga!

## VÍNBERJAKROPPUR

**P**að er vínberjabema í nýjustu línunni frá L'Occitane. Vínberjakúrin er aldagömul heilsuþótarhefð sem stund-uð hefur verið í Provence í Frakklandi til að djúphreinsa og afeitra líkamann. Kúrin gengur út á að borða eingöngu vínber í nokkra daga og þá á lífið að verða yndisleg og betra. Hönnuðir hjá L'Occitane voru undir þessum áhrifum þegar þeir bjuggu til vínberjalínuna en hún á að afeitra og endurnýja húðina. Vörurnar í vínberjalínunni hjálpa til að við að losa út bjúg svo að líkaminn virðist léttari og orkumeiri. Línan er unnin úr lífrænum vínberjasafa og er „Beauty Body“-olían hreinn unaður.



Dásamleg olía á allan líkamann Vínberjalínan færir þér haustið í öllum sínum skruða.



Haustútlitið frá Mac Ætti að henta íslenskum konum vel.



**Splúnkunýtt penslasett** Er sérsmíðað fyrir snyrtibudduna.

Orpheus

Hressstu þig við fyrir haustið

## Haustlitirnir í andlitið

Þegar haustið gengur í garð er ekki úr vegi að kveðja sumarútlitið og taka inn dekkri liti. „Starflash“-línan frá Mac er undir áhrifum frá Hollywood þar sem sanseruð áhrif skipta mestu máli. Það er ekki hægt að tala um

glimmer heldur milda og létta áferð sem framkallar hið eina og sanna kvikmyndastjörnuútlit. Að koma sjálfum sér í haustbúning er þó ekki mjög flókið. Keyptu augnskugga úr Hollywood-línunni, mildan varalit í brúnlitum tónum

og Orpheus-augnblyant frá Mac. Berðu augnskuggana á augnlokið og settu blyantinn eins nálægt augnhárunum og þú getur til að skapa réttu stemninguna og mundu að varaliturinn á að vera mattur.

[martamaria@365.is](mailto:martamaria@365.is)

## Frá náttúrunnar hendi

**A**ðdáendur lífrænna snyrtivara fagna því eflaust að Juicy Tubes-glossin vinsælu frá Lancôme fást nú án aukaefta, með náttúrulegu bragði af appelsínunum, kirsuberjum, möndlum, engifer og sólberjum. Auk þess fást nú lífrænir augnblyantar frá fyrirtækinu sem innihalda meðal annars náttúrulegt vax og mjúkjandi olíur. Spannandi nýjung úr finustu efnun náttúrunnar.



# Útsalan í fullum gangi


Fjöldi frábærra tilboða



**3ja sæta vandaður slökunarsofi** með skemlum og sterku áklæði eða leðri - Margir litir

Tilboðsverð m/ákl. kr. 118.000.- Verð áður kr. 148.000.-

Tilboðsverð m/leðri. kr. 149.000.- Verð áður kr. 192.000.-



**Italsofa**

Breytist í svensófa með einu handtaki



3ja sæta svefnsófi með þykku nautaleðri eða áklæði - Margir litir - Verð m/ákl kr. 161.000.- Verð nú kr. 129.000.- Verð m/leðri kr. 211.000.- Verð nú kr. 169.000.-



**Vandaður slökunarstóll**

með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir

Tilboðsverð m/ákl. kr. 49.900.- Verð áður kr. 69.000.-

Tilboðsverð m/leðri kr. 69.900.- Verð áður kr. 86.000.-



**Rafstýrður hvíldarstóll**

Með lyftu sem lyftir þér uppúr stólnum. Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar. Með innbyggðum skemli.

Tilboðsverð m/leðri kr. 99.000.-

Nýtt

**Vandaður slökunarstóll**

Með leðuráklæði og skemli. Litir: Beige, brúnt, svart og rauðbrúnt.

Tilboðsverð kr. 79.000.-



Komið og sjáið fjölda tilboða í verslun okkar!

[www.valhusgogn.is](http://www.valhusgogn.is)

Röltu um verslunina okkar í rölegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar þetta verður þú að prófa!

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík  
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið virka daga kl. 10-18 / Laugardaga kl. 11-16



OPNUM Í DAG MEÐ NÝJAR VÖRUR



# Í DAG ER FÖSTUDAGURINN 5. SEPTEMBER 2008 OG ÞAÐ ER KOMIÐ HAUST

Burberry | Calvin Klein | Sportmax Code | Filippa K | Patrizia Pepe | Annhagen  
Anderson & Lauth | Stella Nova | GK Reykjavík | Rutzou | Lee | Wrangler

KONUR OG MENN

LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK. OPNUM Í SMÁRALIND Í SEPTEMBER.

GK REYKJAVÍK



# tíðin

\* settu límónaði í sódastrímið...

## DÍANA MIST

**Laugardagur 30. ágúst:** Sé geðveikt eftir bleiku dragtinni!

Var mætt á hurðarhúsinu í Perlunni um leið og það opnaði í von um hnjóta um eitthvað ómótstæðilegt. Það var svo sem ekki ofsögum sagt; sá ýmislegt fallegt og undursamlegt. Stemningin í Perlunni var líka góð, gaman að heyra arabíska músík og svo voru allir í svo miklu stuði. Ég þaut beint í „frægðarhornið“ í von um að geta látið greipar sópa og öppdeitað fataskápinn í eitt skipti fyrir öll. Skoðaði hvert frægðardressið á fætur öðru og var næstum því búin að kaupa mér bleika Escada-dragt af frú **Sigríði Snævarr** þegar vinkona mín hnippi í mig og sagði að ég kæmi ekki öðru lærinu í pilsíð. Sársmóðguð út í komment vinkonu minnar ákvað ég að kannski væri betra að fara að gera eitthvað í sínum málum... Átti hvítvinskúrinn ekki að vera grennandi? Eða var það vóðkakúrinn? Í Perlunni var **Þorgerður Katrín, Ásdís Halla Bragadóttir, Steinunn Jónsdóttir** arkitekt og **Tinna Ólafsdóttir**, viðskiptafræðingur hjá Baugi. Þegar ég var búin að kaupa mér kjól, skó og tösku sá ég að það var kominn tími á að drífa sig heim til að gera mig klára fyrir næsta gjgg.

**Aðfaranótt sunnudags 31. ágúst:** mögnuð marinering

Við vinkonurnar tókum „Nespakkastemningu“ á djammíð og skelltum okkur á Stuðmannaballið. Eftir átta Mojito var ég farin að fíla tónlistina, farin að fækka fötum á dansgólfinu og farin að líða eins og heimurinn væri minn. Í allri móðunni sá ég glitta í fallegan makka **Jóns Ásgeirs**, fagurlegan vöxt **Ingibjargar Pálmadóttur**, vel tanaðan líkama **Sveins Andra** og fallegan limaburð **Karls Péturs Jónssonar**. Svo datt ég út...

**BAHAMA-STUÐ!** Hinn undurfagri Ingó ætlar að taka lagið með Veðurguðunum á Players í kvöld. Hvernig væri að skella sér í Kópavog og fríka út? Þeir sem hafa haft Bahamalagið á heilanum í sumar ættu að skella sér svo það suði örugglega í eyrunum fram að jólum.

**ÆVINTÝRI Á LJÓSANÓTT** Listakonan Rákel S. Steinþórsdóttir verður með sína árlegu Ljósanæturýningu í Keflavík um helgina. Rákel hefur um nokkurra ára skeið haft það sem venju að opna sýningu tengda Ljósanótt. Þetta er sýning sem enginn má missa af.



Í svaka stuði Leikarar myndarinnar voru í góðum fíling á frumsýningunni ásamt Valdísi Óskarsdóttur leikstjóra.

**Nanna Kristín tók hlutverk brúðarinnar alvarlega**

## Á LEIÐINNI TIL TORONTO

Í tilefni af frumsýningu Sveita-brúðkaups var haldið glæsilegt frumsýningarteiti í Pikknikksalnum úti á Grandu. Áslaug Snorradóttir í Pikknikk ákvað að reiða fram öðruvísi brúðkaupsveislu í frumsýningarteitinu og útbjó hverja hnallþóruna á fætur annarri. Nanna Kristín Magnúsdóttir, aðalleikkona myndarinnar sem fer með hlutverk brúðar-

innar, var heilluð af teitinu. „Það var alveg stórkostlega skemmtilegt. Þetta var svo frumlega upp sett og í raun eins og flippuð brúðkaupsveisla,“ segir hún. Þegar Nanna Kristín er spurð að því hvort veislan sé í svipuðum stíl og hún myndi sjálf halda segir hún að það sé of snemmt að ákveða það. „Ætli ég geymi ekki að skipuleggja mitt eigið brúðkaup

fyrir en kemur að því,“ segir hún hlæjandi og segist þó hafa hagað sér alveg eins og ekta brúður því hún fór heim úr veislunni þegar gleðin stóð sem hæst. Þegar Föstudagur náði tali af henni var hún á leið út á flugvöll með samleikurum sínum úr Sveitabrúðkaupi en þau fylgja myndinni til Toronto þar sem hún verður sýnd á kvikmyndahátíð.

martamaria@365.is

**Höfðu fatasmaráð** Nanna Kristín klæddist skyrtu og gallabuxum. „Við Nina Dögg vorum búnar að ákveða hversu finar við ætluðum að vera og útkoman var skyrtu og gallabuxur.“



## Stinn og slétt húð

Nú er komin á markað húðsnyrtilína frá tiskuhönnuðinum Giorgio Armani til að fullkomna húð karlmannna. Línan er hönnuð til að þess að menn á öllum aldri geti öðlast fallega húð. Hann sækir innblástur til eldfjalla en eitt af virku efnunum í húðsnyrtílinunni er „Volcanic Complex“ sem er samsetning orkuhlaðinna náttúrulegra steinefna sem er að finna í hraungrjóti. Þessi samsetning hefur áhrif á alla þætti húðarinnar.

**GERIR HÚÐINA STINNA, SLÉTTA OG MJÚKA**

Í línunni er hreinsikrem, raksápa, serum og dagkrem. Einnig er að finna „Moisturizing Bronzer“ sem er rakagefandi, fegrar húðina og gefur henni sólbrúnan lit. „Regenerating Cream“ eykur styrk og þéttleika húðarinnar. Það dregur úr hrukkum og finum línum. „Eye Master“ berst gegn hrukkum, dregur greinilega úr pokum og eyðir baugum.



Herrasnyrtílin frá Giorgio Armani Um-búðirnar eru engu líkar.

# trippen



VESTURGATA 4 • S: 562-2707



**LÁTTU DRAUMINN RÆTAST**  
20-30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRETTINGUM OG RAFTÆKJUM TIL 23. ÁGÚST.  
20-30% TILBOÐ SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!  
**Friform**  
nettoline.dk Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500



nettoline





SUND ER  
FYRIR ALLA!

Laugarnar í Reykjavík



[www.itr.is](http://www.itr.is) sími 411 5000





## KLINGENBERG SPÁIR

### Nína Dögg Filippusdóttir leikkona

Nína Dögg Filippusdóttir leikkona er fædd 25. 02. 1974. Þegar þversumman af fæðingardegnum er lögð saman kemur út talan 3 sem er lífstala Nínu

Daggar. „Pristurinn á auðvelt með að samlagast öllu í kringum sig og aðlaga sig að breyttum aðstæðum á ótrúlega skömmum tíma. Nína Dögg er afskaplega sjálfstæður persónuleiki sem er með mikla strákaorku. Henni hefur trúlega þótt mun skemmtilegra að leika með strákunum sem barn og verið meira fyrir útileiki en að vera í mömmó eða öðrum

dúkkuleikjum. Hún er alger töffari í gegn og það á eftir að hjálpa henni á framabrotinu. Hún á eftir að ná langt og hjónaband hennar og Gísla Arnar Garðarssonar leikara á eftir að halda um aldur og ævi.

Nína Dögg stóð á tímamótum árið 2007 en þá var hún á tölunni 9. Árið 2008 hefur hún verið á ásnúnum en sú tala boðar nýtt upphaf. Þessar rosalega hröðu breytingar sem hafa orðið á lífi Nínu Daggar eru komnar til að vera. Ég sé fyrir að hún eigi eftir að eyða miklum tíma í útlöndum og fjölskyldan á eftir að fíla það vel. Nýjasta verkefni Nínu Daggar á erlendra

grund á eftir að ganga sérlega vel. Ég sé annað barn í spilunum hjá henni en á erfitt með að tímasetja það. Þessi fjölskylda verður eins og farandleikflokkur, það verður alltaf skemmtilegt í kringum hana. Næstu þrjú árin eru tími sigra og tími til að njóta. Öllum sigrum fylgir það þó að það þurfi að hafa fyrir þeim eins og þessi litla fjölskylda veit,“ segir Sigríður Klingenberg.



## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

### Nadía Katrín Banine, þáttastjórnandi

Ég myndi vakna í glampandi sóli og 25 stiga hita og borða morgunmat úti á svölum með fjölskyldunni.

Drífa mig síðan upp í Borgarleikhús og fara í ballettíma með Íslenska dansflokknum, því það er mín upphaldshreyfing og ég reyni að gera það eins oft og ég get.



Eftir tímann færi ég í hádegismat með vinkonunum á Gló. Svo væri ég til í að fara í smá þyrlluflug, því það er með því magnaðra sem ég hef gert. Þyrlan myndi svo skutla mér til Þingvalla þar sem ég færi í góðum félagsskap að kafa í Silfrú.

Eftir það væri svo smá piknikk við vatnið, kampavín og súkkulaði-brownies, áður en þyrlan skutlaði mér aftur í bæinn og leiðin lægi í eitthvað geggjáð spa, þar sem ég færi í andlitsbað, svæðanudd og eins og hálf klukkutíma langt tailenskt nudd, sem er bara það besta sem ég hef prófað.



Loks væri ég til í að borða þar sem besti humarinn í bænum fæst og enda svo kvöldið með því að fara á danssýningu með Cedar

Lake Dance Company frá New York. Ef flokkurinn væri ekki í bænum væri ég alveg jafn sátt við að sjá uppfærslu af Madame Butterfly til að enda hinn fullkomna dag.



## Ég er barn og komst ekki

Haustið er upphaf skólaársins. Börnin verða um leið afar áberandi meðal gangandi vegfarenda og kröfur um öryggi þeirra aukast til muna. Gangstéttir eru þeirra leið í skólann. Það er óviðunandi að þau, ásamt fötluðum og fólki með barnavagna, þurfi að fara stóran hluta leiðar sinnar á götunni.